

SKÝRSLA STJÓRNARFORMANNS 2007

FUNDIR STJÓRNAR

Á liðnu starfsári hélt stjórn SAM 10 bókaða fundi auk aðalfundarins sem haldinn var 2. mars. Á öllum stjórnarfundum er farið yfir stöðu í mjólkurframleiðslu og einnig sölu mjólkur og mjólkurvara. Birgðahald metið og farið yfir framleiðslu- og söluáætlanir. Auk framleiðslu-, sölu- og birgðamála, voru einnig aðrir málaflokkar til umfjöllunar á stjórnarfundum samtakanna. Þar má nefna verðlagsmál, verðtilfærslu mjólkur, skipulagsmál mjólkuriðnaðarins og samruni Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins við S.A.M., kaup á mjólk umfram greiðslumark, hvatningarálag á mjólk og útflutningsmál mjólkurvara. Einnig var nokkuð fjallað um réttarstöðu mjólkuriðnaðarins, WTO samninga, erlend samskipti, fjölmiðlamál og skipan í ýmsar nefndir á vegum SAM.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKUR OG MJÓLKURVARA

Góð aukning varð í framleiðslu mjólkur á síðasta almanaksári. Innvigtun nam samtals um 117 millj. lítrum, en framleiðsla ársins 2005 var 109,5 millj. lítra. Það er 7,5 millj. lítra aukning, eða sem nemur 7% frá fyrra ári, enda hvatt til aukinnar mjólkurframleiðslu því birgðastaða var orðin of lág. Greiðslumark verðlagsársins 2005/2006 var ákveðið 111 millj.ltr. sem var aukning um 5 millj. lítra, frá verðlagsárinu 2004/2005, eða úr 106 í 111 millj. ltr. Að auki var ákveðið að kaupa alla umfram mjólk og greiða fyrir hana fullt afurðastöðvaverð. Jafnframt var sett á tímabundið hvatningarálag á alla innvegna mjólk á tímabilinu nóvember 2005 t.o.m. mars 2006. Álagið nam kr 1,70 á lítra mjólkur. Ákveðið var að greiðslumark fyrir yfirstandandi verðlagsár 2006/2007 yrði 116 millj. lítra, og varð því 5 millj. lítra aukning annað árið í röð.

Á fundi stjórnar SAM, sem haldinn var í júnímánuði, var að auki ákveðið að greiða framleiðendum fullt afurðastöðvaverð fyrir 3 millj. lítra. Mjólkurframleiðsla helst ennþá mikil og eru allar líkur á að hún gæti numið 119 – 120 millj. lítrum á yfirstandandi verðlagsári 2006/2007. Með þessari framleiðslu verður birgðastaða orðin góð og hægt að snúa sér að því nauðsynlega verkefni að afla nýrra markaða.

Þegar borin eru saman síðustu tvö ár, kemur í ljós að talsverðar sveiflur hafa verið í sölu einstakra vörflokka. Þannig er 7,22% söluaukning í viðbiti og 5,43% í ostum, en mestur samdráttur í sölu á jógúrtvörum og drykkjarskyri. Umreiknuð sala á próteingrunni nam 113,2 millj. lítrum, en heildar söluaukning ársins á próteingrunni, samanborið við fyrra ár, nam 0,8%. Umreiknuð sala á fitugrunni varð 103,8 millj. lítra, og samsvarar það 3,08% söluaukningu milli ára.

Á verðlagsárinu 2005/2006 er efnainnihald viðmiðunarmjólkur 4,0% fita og 3,32% prótein. Meðal efnainnihald mjólkur á árinu 2006 var 3,95% fita og 3,37% prótein. Á árinu 2005 var fituinnihald meðalmjólkur 4,02% og 3,34% prótein.

Umreiknuð birgðastaða í árslok nam 15,5 millj. lítrum á próteingrunni sem er aukning um 20% frá sama tíma fyrra árs. Umreiknaðar birgðir fitu voru 12,8 millj. lítar en þær eru afstemmdar með reglubundnum útflutningi á smjöri.

INNFLUTNINGUR OG ÚTFLUTNINGUR MJÓLKURVARA

Mikil umræða hefur verið um útflutningsmöguleika á íslenskum mjólkurvörum til Bandaríkjana. Nokkuð hefur verið reynt fyrir sér með útflutningi á skyri, sérostum og smjöri. Um er að ræða sölu á gæðavöru á allháu verði í Whole Foods Market verslanakeðjunni, og segja má að verkefnið sé mjög áhugavert og vert að fylgja eftir. Birgðastaða mjólkur er góð og mikil mjólkurframleiðsla svo hægt er að fylgja verkefninu eftir af fullum krafti. Þá verða kannaðir útflutningsmöguleikar til Færeyja í kjölfar fríverslunarsamnings milli Íslands og Færeyja, Samanlagður útflutningur mjólkurvara, á árinu 2006, nam 11,6 millj. lítra á fitugrunni og 1,0 millj. lítra á próteingrunni.

Á árinu 2006 varð um 11% aukning í magni á innflutningi mjólkurvara. Sú aukning samsvarar um 23 tonnum af vörum. Í líturum talið var samdráttur í innflutningi þar sem aukningin var í ferskvöru á meðan innflutningur osta dróst saman um tæp 17 tonn, en samanlagður umreikningur þessara vara gefur færri lítra mjólkur í innflutningi.

Útflutningur mjólkurvara dróst saman milli ára hvort sem litið er til magns eða umreiknings á fitu- eða próteingrunni. Aukning varð í útflutningi ferskvara en viðbits- og ostaútflutningur dróst saman. Samdráttur í magni nam um 11% og 12 – 34% umreiknað í mjólk m.v. fitu og prótein.

VERÐLAGSMÁL MJÓLKUR.

Mikil umræða um hátt matvælavæð hefur staðið yfir síðustu mánuði og misseri. Á haustmánuðum 2006, boðaði ríkisstjórnin matvælavæðslækkun frá og með 1.mars 2007 með lækkun á virðisaukaskatti, niðurfellingu á vörugjöldum, auk tollalækkunar á nokkrum vörutegundum.

Um þær mundir, sem ákvörðun stjórnvalda, um aðgerðir til lækkunar á matvælavæði, var að mótast, stóðu mörg spjót á íslenskan landbúnað og þrýstingur mikill á stjórnvöld til aðgerða til lækkunar á verði innlendra landbúnaðarvara. Undir þessum kringumstæðum var sú ákvörðun tekin, í október 2006, að heildsöluverð á mjólkurvörum skyldi standa í stað næstu 12 mánuði. Þessi ákvörðun var bæði umdeild og erfið bæði fyrir mjólkurframleiðendur og afurðastöðvar, þar sem aðföng og ýmsir rekstrarliðir höfðu verið að hækka mikið. Samhliða ákvörðun um verðstöðvun út á markaði, var ákveðið að afurðastöðvaverð til mjólkurframleiðenda hækkaði um 2 kr. pr. ltr. Sú hækkun samsvaraði u.þ.b. reiknaðri hækkunarþörf launaliðar verðlagsgrundvallar kúabús. Segja má, m.t.t. stóðu landbúnaðar á þessum tíma, að þessi ákvörðun var jafn nauðsynleg og hún var umdeild og erfið.

HAGRÆÐING Í MJÓLKURIÐNAÐI.

Miklar breytingar áttu sér stað í mjólkuriðnaðinum á síðasta ári. Með stofnun rekstrarfélagsins Mjólkursamsölunar ehf. er brotið blað í íslenskum mjólkuriðnaði. Með stofnun hennar er í raun verið að sameina í eitt félag MS, Norðurmjólk og Osta-og smjörsöluna sf., auk þess sem Mjólkursamlag KS er rekið í nánnum tengslum við félagið og á í því 15%.

Mjög góð sátt hefur verið meðal eigenda um þessar aðgerðir og framundan er mikil vinna sem sem felst í endurskipulagningu og ýmiskonar hagræðingu í greininni.

Á þessum tímamótum er við hæfi að rifa upp hugleiðingar fyrrum formanns Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Óskars H. Gunnarssonar, sem fram komu í síðustu ræðu hans sem formaður samtakanna á aðalfundi félagsins 8. mars 2001. Þar kom fram:

" Verðtilfærsla mjólkurvara ætti að geta gert verkaskiptingu auðveldari þannig að afurðastöðvarnar þurfi ekki að bílast um feitustu bitana en framtíðarlausnin er án efa eitt öflugt mjólkurfyrirtæki "ÍSLENSK MJÓLK svf. ", rekið á samvinnugrundvelli og í eigu framleiðenda. Hliðarfyrirtæki gætu verið rekin sem hlutafélag í eigu Í. M. svf., og annarra aðila. "

Segja má að með stofnun Mjólkursamsölunnar ehf., séu þessar aðstæður sem Óskar lýsti, að verða að veruleika.

Með stofnun Mjólkursamsölunnar ehf. flyst verulegur hluti þeirra verkefna, sem áður voru í umsjón samtakanna, til Mjólkursamsölunar ehf. Starfsmenn SAM til margra ára þeir Pálmi Vilhjálmsson framkv.stj. og Jón K. Baldursson hafa frá áramótum tekið við þýðingamiklum störfum hjá Mjólkursamsölnni ehf. og eru þeim hér með þökkun mikil og góð störf í þágu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Bjarni R. Brynjólfsson verður áfram starfsmaður samtakanna, en f.o.m. 1. janúar 2007 gegnir Magnús Ólafsson framkvæmdastjóratöðu SAM í hlutastarfi. Er Magnús boðinn velkominn til starfa.

Þann 1. október 2006 sameinaðist Rannsóknarstofa Mjólkuriðnaðarins (RM) Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Með sameiningunni munu nást samlegðaráhrif til sparnaðar, einkum í stjórnun, bókhaldi og fjárreiðum. Jafnframt mun sameining SAM og RM, samhliða stofnun Mjólkursamsölunnar ehf., auðvelda endurskipulagningu á bættu aðgengi og skilum niðurstaðna rannsókna til afurðastöðva og mjólkurframleiðenda. Stór þáttur í þeirri ákvörðun að RM var sameinað SAM, var að halda fjárreiðum aðskildum frá mjólkurvinnslunni, og með því að skapa skilyrði til að beina hluta af núverandi markaðstruflandi stuðningi ríkissjófs við greinina, yfir í rannsóknir og eftirlit. Sá stuðningur skilgreinist sem grænn ómarkaðstruflandi stuðningur.

MARKAÐSNEFND MJÓLKURIÐNAÐARINS.

Markaðsnefndin starfaði með sama hætti og undangengin ár. Aðalverkefningin voru varðandi sölu- og markaðsmál mjólkuriðnaðarins.

Síðustu mánuði ársins vann nefndin við að endurskipuleggja starfsemina í takt við þær breytingar sem eru að verða í íslenskum mjólkuriðnaði.

Þau mál sem unnið var að voru m.a. vörusýningin MATUR 2006, en þar var nefndin framkvæmdaraðili fyrir allan mjólkuriðnaðinn. Sýningin var haldin í Fífunni í Kópavogi, dagana 30. mars til 3. apríl. Sýningin tókst vel og var aðsókn þokkaleg.

Markaðsnefndin hefur haft það á stefnuskrá sinni í allmörg ár, að fá leyfi til að vítamínbæta alla léttmjólk sem seld er. Unnið var áfram að þessu máli á árinu 2006. Inn í þá vinnu blandaðist ennfremur framtíðarhorfur Dreitilsins.

Unnið var að því að ljúka skráningu með formlegum hætti á öllum merkjum og slagorðum Markaðsnefndarinnar sem hægt var.

Ýmsar kannanir voru unnar á vegum nefndarinnar á árinu. Auk þess var talsvert unnið í heimasíðumálum. Nefndin skrifaði undir nýjan samning við Íþróttakennara og sem fyrr, var samstarf við fjölda annarra aðila. Þá var jólamjólkin á markaði í nóvember og desember og sá nefndin um auglýsingar á henni.

Eins og áður var nefndin skipuð fjórum fulltrúum sem skipaðir voru af SAM og einum sem tilnefndur var af Landssambandi kúabænda.

Í nefndinni voru:

Magnús Ólafsson, formaður nefndarinnar
Baldur Helgi Benjamínsson
Baldur Jónsson
Guðbrandur Sigurðsson
Hólmgeir Karlsson

Ennfremur störfuðu varamenn þeir; Einar Matthíasson, Ólafur Einar Ólafsson og Sigurður Mikaelsson með nefndinni á árinu 2006. Nefndin hélt 11 bókaða fundi á árinu 2006 auk þess sem margir smærri fundir voru haldnir um hin ýmsu mál.

SAMSTARFSNEFND SAM OG BÍ.

Samráðsnefndin hélt tvo fundi á árinu. Samkvæmt hlutverki nefndarinnar gerði hún tillögur til ráðherra um uthlutun rekstrarstyrkja til afurðastöðvanna á Ísafirði og á Vopnafirði. Rekstrarstyrkur vegna resksturs mjólkursamlagsins á Vopnafirði var einungis vegna resksturs fyrstu 4 mánað ársins 2006 þar sem mjólkurmóttöku og vinnsla var hætt á Vopnafirði 1. maí 2006. Jafnframt voru gerðar tillögur um ráðstöfun fjármagns vegna jöfnunar á flutningskostnaði mjólkur að afurðastöð og millisvæðaflutninga milli afurðastöðva.

Ekki er búið að staðfesta þær breytingar á búvörulögum, nr. 99/1993, vegna Verðmiðlunarsjóðs mjólkur, sem stefnt var að samhliða verðlagningu mjólkur 1. janúar 2006. Vegna þessara tafa gerði nefndin m.a. tillögur til ráðherra um ráðstafanir til endurgreiðslu verðmiðlunarfjár fram að því að lögum um Verðmiðlun verði breytt. Samstarfsnefndin staðfesti einnig ráðstöfun mjólkur í uppgjöri fyrir verðlagsárið 2005/2006.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum, starfsmönnum SAM og þeim sem hafa komið að störfum samtakanna á árinu, fyrir mjög gott samstarf. Einnig fulltrúum Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda, fulltrúum Landbúnaðarráðuneytis og öllum þeim aðilum í íslenskum mjólkuriðnaði, sem hafa komið að málefnum samtakana á liðnu ári.

Magnús H. Sigurðsson, stjórnarformaður